

L Ö G

35

2. apríl

um breyting á lögum nr. 98 3. maí 1935, um virkjun Fljótaár.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 5. gr. laganna komi ný grein, er verði 6. gr., svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs sex millj. króna lán fyrir Siglufjarðarkaupstað til virkjunar samkvæmt lögum þessum, þar með taldar háspennulínur og afspennistöðvar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

36

2. apríl

um breyting á lögum nr. 87 9. júlí 1941, um viðauka við lög nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

- a. Fyrir „ $\frac{4}{5}$ “ og „ $\frac{1}{5}$ “ í 1. málsgr. 2. gr. laganna komi: $\frac{3}{5}$ og $\frac{2}{5}$.
b. Fyrir „ $\frac{4}{5}$ “ í 3. málsgr. sömu greinar komi: $\frac{3}{5}$.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal ráðstafa samkvæmt þeim því innflutningsgjaldi af benzíni, sem innheimt er eftir 1. jan. 1943.

Gjört í Reykjavík, 2. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.